

Sp.

845. Svar

[395. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um endurskoðun á ársreikningum Ísals.

*1. Hafa heimildir til endurskoðunar á ársreikningum Ísals samkvæmt aðalsamningi, mgr. 29.06, fyrir rekstrarárin 1985–1987 verið notaðar?*

Samkvæmt mgr. 29.05 í aðalsamningi (með áorðnum breytingum) er nú *skylda* að láta endurskoðun fara fram af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar ár hvert og hefur breska endurskoðunarskrifstofan Coopers & Lybrand annast endurskoðunina. Endurskoðun ársreikninga Ísals fyrir ár hvert fer fram 1. júní til 1. október næsta ár á grundvelli framleiðslugjaldsskýrslu sem Ísal skilar fyrir 1. júní ár hvert. Endurskoðun ársreikninga fyrir árið 1987 hefur því ekki farið fram.

*2. Ef svo er, hvaða fyrirtæki var falin endurskoðunin og hverjar voru niðurstöður þeirrar endurskoðunar á hverju ári fyrir sig?*

Svo sem fyrr greinir var breska endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand falið að annast endurskoðunina fyrir árin 1985 og 1986. Niðurstöður endurskoðunarinnar fyrir árin 1985 og 1986 voru þessar:

- Ársreikningar Ísals fyrir árið 1985 voru staðfestir af Coopers & Lybrand með minni háttar leiðréttingu vegna túlkunar á ákvæðum í aðalsamningi um afskriftir. Í stað taps fyrir skatta að fjárhæð 385,1 milljón króna töldu Coopers & Lybrand tapið réttilega reiknað 381 milljón króna. Enginn ágreiningur var um þessa leiðréttingu og hefur Ísal stuðst við túlkun Coopers & Lybrand á umræddu ákvæði síðan. Leiðréttingin hafði engin áhrif á skattgreiðslur Ísals fyrir árið 1985.
- Ársreikningar Ísals fyrir árið 1986 voru staðfestir af Coopers & Lybrand með minni háttar leiðréttingu vegna túlkunar á ákvæðum í aðalsamningi um verð á áli sem afhent er til fjarlægari staða og þá var álitaefni á hvaða ári tiltekna tekjur ættu að teljast hafa orðið til og útgjöld fallið á. Í stað taps fyrir skatta að fjárhæð 668,6 milljónir króna töldu Coopers & Lybrand tapið réttilega reiknað 654,1 milljón króna. Ekki var ágreiningur um þessa leiðréttingu og hefur verið stuðst við túlkun Coopers & Lybrand síðan. Leiðréttingin hafði engin áhrif á skattgreiðslur Ísals fyrir árið 1986.

Tekið skal fram að í báðum tilvikum var um að ræða túlkun á ákvæðum í aðalsamningi sem breytt var með fjórða viðauka við aðalsamninginn og tóku gildi 1. janúar 1985. Ekki er því óeðlilegt að upp hafi komið nokkur álitaefni um framkvæmd þessara nýju ákvæða sem túlka þurfti nánar.

Endurskoðun ársreikninga Ísals fyrir árið 1987 hefst í júní og skal lokið fyrir 1. október 1988.